

VATNSVEITA DALABYGGÐAR

MAT Á VIRÐI VATNSVEITUKERFIS MINNISBLAÐ


VERKNÚMER:	16053	DAGS.:	2021-09-08
VERKHLUTI:	001	NR.:	1
HÖFUNDUR:	BTH	ÚTGÁFA	1
RÝNT AF:	GE		
DREIFING:	Bygginga og skipulagsfulltrúi Dalabyggðar		

Inngangur

Skipulags og byggingafulltrúi Dalabyggðar hefur óskað eftir því að Verkís geri virðismat á núverandi vatnsveitukerfi Dalabyggðar. Núverandi vatnsveita er að stofni til frá árinu 1980. Vatnsveitukerfið samanstendur af vatnsbóli, stofnlögn af þvermáli 180 mm sem liggur ca. 22 Km frá vatnsbóli að Búðardal. Einnig er um að ræða dreifikerfi í bænum. Fyrir liggja upplýsingar frá Dalabyggð um heildarlengd stofnlagna í kerfinu (frá 225 mm til 40 mm), sem og fjölda heimæða í kerfinu. Efni vatnsveitunnar er PE plast. Á þeim tíma sem kerfið var lagt var notað plast af gerðinni PE80, sem hefur heldur lægra þrýstipól og endingartíma heldur en PE100 plast sem notað er í vatnsveitukerfi í dag. Í samtali við byggingafulltrúa kom einnig fram að sá hluti heimæða sem fer í gegnum útvegg bygginga (og nokkra metra út frá húsvegg) var almennt lagður með stálrörum á þeim tíma sem kerfið var lagt.

1 Mat á virði Veitukerfis

Til að meta virði núverandi vatnsveitukerfis er hér nýtt aðferðarfræði sem Veitur og OR hafa nýtt til að meta kostnaðarhlutdeild OR vegna færslu lagna að beiðni sveitarfélags. Kostnaðarhlutdeild veitufyrirtækisins í slíkum tilfellum er mjög háður aldri lagnakerfisins. Þessi gögn má yfirfæra beint til að meta virði lagnakerfis eftir aldri þess. Sjá línurit 1 hér að neðan. Á Y-ás línuritsins kemur fram „Kostnaðarhlutdeild OR“ en þar getur einnig staðið „Afskriftir lagnakerfis“



Línurit 1 Mat á virði veitukerfa eftir aldri lagna

Vatnsveitukerfi Dalabyggðar frá árinu 1980 er rúmlega 40 ára gamalt og samkvæmt línuritinu er núverandi virði þess ca. 60 % af virði nýs kerfis. Hins vegar er hér lagt til að einnig sé tekið tillit til eftirfarandi atriða:

- 1) Efni í núverandi vatnsveitu: Efnið í núverandi vatnveitu, PE80 hefur heldur lægra þrýstipól/endingartíma heldur en það efni, PE100 sem nýtt er í dag.
- 2) Hluti af vatnsveitukerfinu er tæknibúnaður, ber þar helst að nefna loka í kerfinu. Ljóst er að slíkur búnaður afskrifast mun hraðar heldur en lagnaefnið sjálft.

Að svo komnu máli, miðað við ofangreindar upplýsingar er því lagt til að **virði núverandi vatnsveitukerfis í Dalbyggð sé metið sem 50 % af virði nýs kerfis.**

Ljóst er þó hins vegar að hægt er að meta nákvæmar fyrrgreint virði, ef aflað væri frekari upplýsinga um vatnsveituna, svo sem að hve miklu leyti hún hefur verið lagfærð/endurnýjuð í gegnum tíðina. Einnig er hægt að skoða fjölda/stærð/gerð loka í vatnveitunni, sem og annan búnað, svo sem fyrirkomulag og ástand inntaksmannvirkis vatnsveitunnar. Slíkar upplýsingar og nákvæmara mat á þeim byggð gæti breytt fyrrgreindri niðurstöðu. Niðurstaða þessarar athugunar er því eingöngu byggð á þeim tölulegu upplýsingum sem gefnar hafa verið upp um vatnsveituna.